


Alþingi
Erindi nr. P 139/1
komudagur 1.10.2010

Fjárlaganefnd Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Snæfellsbæ, 14.09.2010

Efni: Beiðni til fjárlaganefndar Alþingis um fjárframlag til Þjóðgarðsmiðstöðvar sem gert er ráð fyrir að rísi á Hellissandi

Á næsta ári verður Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull 10 ára og enn er ekki búið að koma starfsemiinni í varanlegt húsnæði eins og til hefur staðið frá stofnun garðsins. Húsið er að




hanna og ljúka við allan undirbúning vegna byggingar þjóðgarðsmiðstöðvar þannig að úthóð getur farið fram með afar stuttum fyrirvara.

Það er flestum ljóst sem skoðað hafa málið, hversu mikil nauðsyn það er að þessi þjóðgarðsbygging rísi, þannig að starfsemi þjóðgarðsins

geti staðið undir því sem ætlast er til með starfsemi þjóðgarðsins. Það er því von Snæfellsbæjar að á árinu 2011 fái stóran fjármagn til að hefja byggingarframkvæmdir. Gera má ráð fyrir að byggingarkostnaðurinn verði rúmar 300 m.kr.

Rétt er að geta þess að til verksins var búið að úthluta 200 m.kr. vegna þorskiðurskurðar og átti sú fjárveiting að skiptast niður á fjögur ár þ.e. 2008-2011 en einhverra hluta vegna ákvað fjárlaganefnd að fjárveiting fyrir árið 2009 yrði kr. 0, á meðan fjárveiting til þjóðgarðsins á Þingvöllum til framkvæmda var 31 m.kr. og Vatnajökulsþjóðgarðs 245.5 m.kr.




Hins vegar kom framlag á fjárlögum 2010 að upphæð kr. 10.000.000,- til framkvæmda. Skipti það sköpum fyrir þjóðgarðinn og hefur í sumari verði unnið að mörgum brýnum verkefnum sem hingað til hefur ekki verið hægt að sinna. Að mati Snæfellsbæjar er afar óeðlilegt að ekki ríki jafnræði milla þjóðgarða á Íslandi þegar kemur að fjárveitingum til garðanna.


Snæfellsbær óskar eftir því að fjárlaganefnd veiti fjármagn af fjárlögum 2011 til að hefja byggingarframkvæmdir við Þjóðgarðsmiðstöð.

Með vísan til framangreinds er þess hér með sarið á leit við háttvirta fjárlaganefnd Alþingis, að veitt verði fjárframlög á fjárlögum ársins 2011 til byggingar á Þjóðgarðsmiðstöð á Hellissandi fyrir Þjóðgarðina Snæfellokjökul.

Virðingarfyllst,



Kristinn Jónasson
bæjarstjóri



Afrit:

*Þingmenn Norðvesturkjördæmis.
Umhverfisráðuneytið
Umhverfisstofnun
Umhverfisnefnd Alþingis*

Fjárlaganefnd Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Snæfellsbær, 14.09.2010

Efni: Beiðni til fjárlaganefndar Alþingis um að Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull verði gerður að sjálfstæðri stofnun

Snæfellsbær óskar eftir því við fjárlaganefnd Alþingis að hún beiti sér fyrir því að Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull verði gerður að sjálfstæðri stofnun með sjálfstæðri stjórn á sama hátt og Þingvallahjódgarður og Vatnajökulshjódgarður.


Ástæða þessarar beiðni er sú reynsla sem komin er á rekstur þjóðgarðsins undir stjórn Umhverfisstofnunar sem sýnir svo ekki verður um villst að hinir sjálfstæðu þjóðgarðar fá mun meira fjármagn til rekstrar og uppbyggingar.

Ljóst er að þeir fjármunir sem renna til þjóðgarðsins Snæfellsjökuls eru bara lítið brot af þeim fjárveitingum sem renna til þessara garða.

Af þeim tölum má ljóst sjá að þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er sjálfstæður með sjálfstæðu stjórn sem beitir sér fyrir fjármunum til rekstrar og uppbyggingar á sama tíma. Það er því ósk Snæfellsbæjar að fjárlaganefnd Alþingis taki tillit til þess og huga hvort ekki sé rétt að beita sér fyrir þeirri breytingu sem óskað er.

Með vísan til framangreinds er þess hér með farið á leit við háttvirta fjárlaganefnd Alþingis, að veitt verði fjárframlög á fjárlögum ársins 2011 til að gera Þjóðgarðinn Snæfellsjökul að sjálfstæðri stofnun.

Virðingarfyllt,


Kristinn Jónasson
bæjarstjóri



Afrit:

*Þingmenn Norðvesturkjördæmis.
Umhverfissráðuneytið
Umhverfisstofnun
Umhverfisnefnd Alþingis*

Fjárlaganefnd Alþingis
Austurstræti 14
150 Reykjavík

Snaðfellsbær 14.09.2010

Efni: Ósk um fjárframlag frá fjárlaganefnd til Framkvæmdaráðs Snaðfellsness

Sveitarfélögin á Snaðfellsnesi; Eyja- og Miklaholtshreppur, Helgafellssveit, Grundarfjarðarbær, Snaðfellsbær og Stykkishólmsbær, tóku þá þá ákvörðun árið 2003, að verða fyrsta landsvæði á norðurvelli jarðar til að fá vottun frá Green Globe sem vistvænt samfélag undir forystu Guðlaugs heitins Bergsmanns.

Eftir umfangsmikla vinnu hafa sveitarfélögin fengið vottun Green Globe nú Earth Check á sjálfbærri þróun umhverfis- og samfélagsmála á Snaðfellsnesi með megináherslu á ferðapjónustu.

Þetta er merkur áfangi í sjálfbærmissögu Íslands, því sveitarfélögin eru þau fyrstu í Evrópu til að hljóta vottun fyrir stefnu og framkvæmd í sjálfbærri þróun umhverfis- og samfélagsmála og fjórða svæðið í heiminum til að ná slíkum árangri.

Árangur sveitarfélaganna hefur vakið mikla athygli hérlendis sem erlendis og hafa fulltrúar frá sveitarfélögunum farið víða um heim til að segja frá verkefnum.

Vottun frá Earth Check gildir í eitt ár í senn og á hverju ári fer fram úttekt sem sveitarfélögin þurfa að standast. Ný markmið eru sett sem lúta að því að gera enn betur en gert var á liðnu ári. Ljóst er að í vaxandi mæli horfa ferðamenn á það að svæðið sem þeir ferðast um sé vottað á einvern hátt þannig að gæðin sem viðkomandi sækist eftir séu tryggð.


Sveitarfélögin settu í sameiningu á laggimar Framkvæmdaráð sem réð starfsmann til að fylgja verkefnum eftir, en mikil vinna felst í eftirfylgni og gagnasöfnun, ásamt því að hrinda af stað þeim verkefnum sem þarf að fara í.

Mjög mikilvægt er að vel takist til um framkvæmd þessa framsækna brautryðjendaverkefnis á sviði umhverfis- og ferðamála. Verkefnið kostar töluverða fjármuni sem við teljum vel varið fyrir svæðið og landið í heild.


Rétt er að það komi fram að Alþingi hefur á undanförunum árum veitt fjármagn til verkefnisins og fyrir það ber að þakka.

Undirritaður, f.h. sveitarfélaganna á Snæfellsnesi, óskar eftir stuðningi fjárlaganefndar við þetta mikilvæga umhverfisverkefni með fjárframlagi á fjárlögum 2011.

Virðingarfyllst,



Kristinn Jónsson
bæjarstjóri



SNÆFELLSBÆR
BÆJARSTJÓRI

Afrit:

Alþingismenn NV-kjördæmis
X Umhverfisnefnd Alþingis
Umhverfisráðuneytið